

Sp.

138. Fyrirspurnir.

[89. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um fjárframlög til byggingar verkamannabústaða.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Hve miklum fjárupphæðum hefur verið úthlutað úr byggingarsjóði verkamanna á árinu 1966 til byggingar verkamannabústaða?
2. Hve mikið fé hefur ríkisstjórnin lagt sjóðnum, auk eigin tekna hans á árinu?
3. Hve miklar tekjur eru sjóðnum tryggðar til byggingar verkamannabústaða á árinu 1967?

II. Til ríkisstjórnarinnar um jafnrétti Íslendinga í samskiptum við Bandaríkin.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Álitur ríkisstjórnin það eðlilegt, að Bandaríkjamenn þurfi ekki áritun á vegabréf til Íslands, þegar Íslendingar þurfa áritun á vegabréf til Bandaríkjanna og er jafnvel neitað um áritun?
2. Hefur ríkisstjórnin hugsað sér að gera ráðstafanir til þess að tryggja jafnrétti Íslendinga við Bandaríkjamenn í þessum efnum og þá hverjar?

III. Til fjármálaráðherra um staðgreiðslu skatta.

Frá Eðvarð Sigurðssyni.

Hvað líður athugun á, að tekin verði upp staðgreiðsla á sköttum, þ. e. að þeir verði greiddir um leið og tekjur falla til? Er þess að vænta, að breytingar í þessa átt komi til framkvæmda bráðlega, og ef svo er ekki, hvað er þá helzt talið því til fyrirstöðu?

IV. Til menntamálaráðherra um úthlutun listamannalauna.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

Hvað líður undirbúningi löggjafar um úthlutun listamannalauna samkvæmt þingsályktun, samþykkt á Alþingi 27. apríl s. l.?